



# ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

<b>Málsheiti og nr.</b>	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (EES-reglur, áfastir tappa og lok á einnota plastflöskur) UMH23060167
<b>Ráðuneyti /verkefnisstjóri</b>	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið / Guðmundur B. Ingvarsson
<b>Innleiðing EES-gerðar?</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
<b>Dags.</b>	31.10.2023

## A. Úrlausnarefni

### 1. Forsaga máls og tilefni.

Tilefni lagasetningarinnar er innleiðing ákvæðis 1. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið. Tilskipunin var birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins 12. júní 2019 og tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 240/2021. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríki beita nauðsynlegum ráðstöfunum til að fara að ákvæðum 1. mgr. 6. gr. frá 3. júlí 2024.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem lagt var fram á 150. löggjafarþingi 2019-2020, og varð að lögum nr. 90/2020, var lagt til að ákvæði 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar yrði innleitt, ásamt fleiri ákvæðum tilskipunarinnar. Í meðförum þingsins var frumvarpinu m.a. breytt hvað innleiðingu þessa ákvæðis varðar og með breytingartillögu meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar var lögfestingu ákvæðisins seinkað til haustþings 2020 svo frekari tækifæri gæfust til undirbúnings og eftirfylgni í ljósi þeirrar framþróunar sem ætla mætti að yrði fram til þess tíma hvað varðaði breytta framleiðsluferla vegna áfastra tappa og loka á einnota plastflöskur.

### 2. Hvert er úrlausnarefnið?

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. tilskipunar (ESB) 2019/904 mælir fyrir um að einungis megi setja einnota drykkjarílát úr plasti, og samsettar, einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur sem innihalda plast, með tappa eða lok úr plasti á markað ef tappinn eða lokið er áfast ílátinu á meðan fyrirhuguð notkun þess stendur yfir. Tilgangurinn með ákvæðinu er að koma í veg fyrir að tappa og lok af einnota drykkjarílátum endi á víðavangi og úti í umhverfinu. Ákvæðið tekur til einnota drykkjarílata sem eru allt að þrjú lítrar að rúmmáli. Það tekur ekki til drykkjarílata úr gleri eða málm sem eru með tappa eða lok úr plasti og ekki til drykkjarílata sem eru ætluð fyrir og notuð undir matvæli á vökvaformi sem eru notuð í lækisfræðilegum tilgangi.

Við innleiðingu ákvæðis 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar í lög nr. 7/1998 þarf að gæta þess að ákvæði 1. tölul. 3. mgr. 51. gr. laganna er varðar eftirlit Umhverfisstofnunar með plastvörum taki jafnframt til hins nýja ákvæðis.

### 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Tilskipun (ESB) 2019/904 hefur að mestu leyti verið innleidd í íslensk lög en nokkur ákvæði standa enn út af, þ. á m. framangreint ákvæði 1. mgr. 6. gr. og kallar innleiðing þess á áformaða lagasetningu.

## B. Markmið

### 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Ákvæðum tilskipunar (ESB) 2019/904 er fyrst og fremst beint að þeim plastvörum sem finnast helst á ströndum en mælingar hafa sýnt að rusl á ströndum í Evrópu er að 80-85% plast og þar af eru einnota plastvörur 50% og hlutir tengdir veiðum 27%.

Efnisatriði málsins eru í samræmi við *Í átt að hringrásarhagkerfi*, stefnu umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í úrgangsmálum.

Þá má nefna viðræður um alþjóðlegan sáttmála um plast og plastmengun sem standa yfir og Ísland styður og varðar m.a. aðgerðir gegn plastmengun og aðgerðir sem stuðla að ábyrgri notkun og framleiðslu hvað varðar plast.

### 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Markmið með frumvarpinu er að draga úr magni plasts sem losnar út í umhverfið og áhrifum af notkun plasts á umhverfið og heilsu fólks.

## C. Leiðir

### 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Nauðsynlegt er að ljúka innleiðingu á tilskipun (ESB) 2019/904 vegna skuldbindinga Íslands á grundvelli EES-samningsins. Jafnframt yrði Ísland af tækifæri til að draga úr magni plasts í umhverfinu og leggja sitt af mörkum við að draga úr umhverfisáhrifum plasts á heimsvísu.

### 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Nauðsynlegt er talið að ákvæði 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar hafi stoð í lögum og önnur úrræði hafa því ekki komið til álita.

### 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.

Lítill sveigjanleiki er varðandi innleiðingu ákvæðisins þar sem það skilyrðir að einungis sé heimilt að setja tilteknar vörur á markað að ákveðnum kröfum uppfylltum. Það liggur beinast við að innleiða ákvæðið með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ekki síst í ljósi þess að önnur ákvæði tilskipunar (ESB) 2019/904 voru innleidd með breytingum á þeim lögum, sbr. X. kafla A laganna.

## D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

### 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.

Sjá lið C.3.

### 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Fyrirhugað er að fella ákvæði til innleiðingar á 1. mgr. 6. gr. tilskipunar (ESB) 2019/904 inn í X. kafla A laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er fyrirhugað að tryggja að eftirlit Umhverfisstofnunar með plastvörum, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 51. gr. sömu laga, taki jafnframt til framangreinds ákvæðis sem fyrirhugað er að fella inn í lögin.

## E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

### 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Áformin koma ekki inn á svið stjórnarskrárinnar en þau snúa að skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

### 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Áformin varða ekki þau ákvæði en um er að ræða tæknilegar reglur um vörur sem gilda jafnt á öllu EES-svæðinu.

### 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei.

## F. Samráð

### 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Atvinnulíf, t.a.m. framleiðendur og innflytjendur drykkjarvara og einnota drykkjarílata úr plasti. Lagasetningin snertir sérstaklega starfsemi Endurvinnslunnar hf. Auk þessa varðar málið almenning.

### 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Já, við málefni menningar- og viðskiptaráðuneytisins.

### 3. Samráð sem þegar hefur farið fram.

Samráð hefur ekki farið fram.

### 4. Fyrirhugað samráð.

Haft verður samráð við menningar- og viðskiptaráðuneytið við gerð frumvarpsins. Auk kynningar á frumvarpinu í samráðsgátt stjórnvalda er fyrirhugað að hafa samráð við Endurvinnsluna hf., Umhverfisstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda.

## G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

### 1. Niðurstaða frummati á áhrifum, sbr. fylgiskjal.

Frummat á áhrifum hefur farið fram. Ítarlegra mat á áhrifum mun fara fram samhliða gerð frumvarps.

## H. Næstu skref, innleiðing

### 1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina?

Já, verkefnisáætlun hefur verið gerð, í samræmi við leiðbeiningar forsætisráðuneytisins um undirbúning og vinnslu stjórnarfrumvarpa.

### 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Gert er ráð fyrir að gildistaka ákvæðisins um áfasta tappa og lok á einnota drykkjarílátum úr plasti verði 3. júlí 2024, í samræmi við 1. mgr. 17. gr. tilskipunar (ESB) 2019/904.

Eins og kemur fram undir lið A.1. var innleiðing ákvæðisins sem hér um ræðir upphaflega lögð til á 150. löggjafarþingi og í tengslum við það var atvinnulífið upplýst þá þegar um hvað væri í vændum. Þótt líklegt sé að skammur tími verði til stefnu frá því frumvarpið verður samþykkt á Alþingi, komi til samþykktar þess, og þar til að gildistöku kemur þá hafa hlutaðeigandi fyrirtæki þegar haft a.m.k. fjögur ár til undirbúnings og aðlögunar að þessu ákvæði. Frá síðastliðnu vori hefur t.a.m. annar tveggja stærstu drykkjarvöruframleiðenda landsins verið með áfasta tappa á öllum sínum plastflöskum.

### 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Engar sérstakar.

### 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.

Engir sérstakir.

### 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Ekki er gert ráð fyrir að afla þurfi sérstakra gagna.

## I. Annað

Á ekki við.

## J. Fylgiskjöl

### 1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.

Sjá G-lið.

**2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.**  
Á ekki við.